

# Persónuverndarstefna

Festa lífeyrissjóður vinnur með persónugreinanleg gögn og viðkvæmar upplýsingar um sjóðfélaga og vistar í upplýsingakerfum sínum.

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að tryggja, með margvíslegum hætti, trúnað, áreiðanleika og örugga og ábyrga meðferð upplýsinga.

## Hvaða gögn

Þau gögn sem unnið er með eru fyrst og fremst réttindi sjóðsfélaga og fjárhagsupplýsingar sem þeim tengjast.

## Heimildir

Sjóðurinn vistar og vinnur eingöngu með þau gögn sem nauðsynleg eru og heimilt er að vinna með samkvæmt lögum, samningum við aðila eða upplýstu samþykkti einstaklinga og annarra þeirra sem að verkefnum koma.

## Hvaða notkun

Gögnin eru vistuð í upplýsingakerfum sjóðsins og eingöngu notuð til að tryggja að sjóðsfélagar fái greiðslur í samræmi við réttindi sín og að réttindi og eignir sjóðsfélaga séu ávallt tryggðar.

## Varnir

Öll gögn og vinnslur eru varin þannig að einungis þeir sem heimildir hafa til að vinna með gögnin, sjá þau og/eða breyta, geta framkvæmt slíkar aðgerðir, aðrir geta ekki skoðað gögnin.

## Afritun

Öll gögn hjá sjóðnum eru afrituð til að tryggja að þau séu ætíð til staðar.

## Réttleiki

Sjóðurinn leitast ætíð við að tryggja réttleika gagna sinna. Komi í ljós að upplýsingar séu rangt skráðar, eru þær uppfærðar.

## Réttur einstaklinga til upplýsinga um vinnslu og aðgangs að eigin persónuupplýsingum

Sjóðurinn veitir öllum einstaklingum sem eftir því óska aðgang að upplýsingum um þau persónugögn sem sjóðurinn vistar og/eða vinnur með um einstaklinginn.

Skipaður hefur verið persónuverndarfulltrúi hjá sjóðnum sem m.a. tekur við beiðnum einstaklinga og setur þær í farveg þannig að unnt sé að svara einstaklingum innan ásættanlegs frests.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Festu lífeyrissjóðs 29. júní 2020

---

---

---

---

---

---